

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – mars 2023

Skráð atvinnuleysi í mars var 3,5%

Skráð atvinnuleysi í mars var 3,5% og minnkaði úr 3,7% í febrúar. Í mars 2022 var atvinnuleysið hins vegar 4,9%.

Að meðaltali voru 6.662 atvinnulausir í mars, 3.757 karlar og 2.905 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 193 frá febrúar.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 5,2% og minnkaði úr 5,8% í febrúar. Hins vegar var atvinnuleysið þar 8,6% í mars 2022.

Næst mest var atvinnuleysið 3,8% á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stóð í stað frá febrúar. Hins vegar var atvinnuleysi þar 5,1% í mars 2022.

Alls komu inn 376 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Flest

auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 251 starf, önnur teljast almenn störf.

Í mars 2023 gaf Vinnumálastofnun út 295 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 225 á höfuðborgarsvæðinu.


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 40 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í mars 2023 með samtals 265 starfsmenn.

Alls voru 3.237 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok mars og fækkaði um 97 frá febrúar.

Í mars voru 359 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að draga muni úr atvinnuleysi í apríl og gæti atvinnuleysi orðið á bilinu 3,2% til 3,4%.

Þróun atvinnuleysis mars 2021 til mars 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 5,2% og minnkaði úr 5,8% í febrúar. Hins vegar var atvinnuleysið á Suðurnesjum 8,6% í mars 2022. Næst mest var atvinnuleysið 3,8% á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stóð í stað frá febrúar. Atvinnuleysi var 3,1% á landsbyggðinni í mars og minnkaði úr 3,4% í febrúar. Á flestum stöðum á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysið frá febrúar nema á Vestfjörðum þar sem það stóð í stað.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,2%, á Austurlandi 1,8% og 2,0% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í febrúar og mars.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 3,9% og 3,6% meðal kvenna og á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi var 2,7% meðal karla og 2,4% meðal kvenna. Atvinnuleysi var jafnt meðal karla og kvenna á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í mars.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.945 í lok mars, 3.846 karlar og 3.099 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 153 frá febrúarlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 78.

Alls voru 692 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok mars og fjölgaði um þrjá frá febrúar. Í mars 2022 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 999.

Lengd á skrá


Alls höfðu 1.644 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars 2023 eða tæp 24% allra á atvinnuleysisrá. Í lok febrúar 2023 voru þeir 1.724. Í lok mars 2022 voru þeir hins vegar 3.260 svo þeim hefur fækkað um 1.616 milli ára. Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.481 í marslok en 1.393 febrúar s.l. Hins vegar voru þeir 1.727 í mars 2022.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok mars fækkaði lítilsháttar í ýmsum atvinnugreinum frá lokum febrúar. Mest var hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í ferðatengdum atvinnugreinum um 11% að meðaltali eða fækkun um 101 atvinnuleitanda í þessum atvinnugreinum frá febrúar. Í verslun og vöruflutningum fjölgaði hins vegar atvinnulausum lítilsháttar eða tæp 4% eða 42 frá febrúar.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.237 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok mars og fækkaði um 97 frá febrúar. Þessi fjöldi samsvarar um 6,7% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var tæp 47% í lok mars.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.511 sem er einnig tæp 47% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok mars 2023




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í mars 2023 gaf Vinnumálastofnun út 295 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 225 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 137 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 158 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í mars, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu sérfræðileyfi eða 116 leyfi. Þá voru gefin út 43 námsmannaleyfi og 38 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í mars voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 40%, 19% vegna þjónustustarfa og 18% vegna starfa sérhæfðs iðnverkfólks. Um 23% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í mars 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 40 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í mars 2023 með samtals 265 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 541 í mars á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 55%, 20% frá Litháen og 13% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 12% starfsmanna komu frá 12 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars 2023 var gefið út 61 slíkt vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 29 einstaklingar, átta fóru til Litháen og fimm fóru til Lettlands. Þá voru gefin út 19 vottorð til viðbótar til 10 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, mars 2023




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í mars

Alls komu inn 376 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 251 starf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 44% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 26% eru á Suðurlandi og 8% á Vesturlandi. Þá eru 22% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í mars 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í mars voru 359 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 259 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra